

Mánudaginn 22. apríl 1996 kl. 12:15

72. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 14/1996

**Staðfesting á bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 2/1996
vegna ákvörðunar Samkeppnisráðs nr. 1/1996
Erindi Apótekarafélags Íslands um
fjárhagslegan aðskilnað sjúkrahússapóteka
-sjúkrahússapótek Landsspítalans-**

**I.
Málsatvik**

Með bréfi, dags. 19. mars sl., kærði Sjúkrahús Reykjavíkur ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 2/1996 um fjárhagslegan aðskilnað sjúkrahússapóteka til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Í kærinni er því m.a. haldið fram að stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur eða stjórnnum Borgarspítalans og St. Jósefsspítala hafi ekki verið á fullnægjandi hátt boðið að koma að athugasemdum áður en til ákvörðunar kom.

Af þessu tilefni tók Samkeppnisstofnun til athugunar málsmeðferð og aðdraganda að ákvörðun nr. 2/1996. Jafnframt kannaði stofnunin málsmeðferð og aðdraganda ákvörðunar nr. 1/1996 um fjárhagslegan aðskilnað sjúkrahússapóteks Landspítalans. Í ljós hefur komið að Samkeppnisstofnun hefur ekki gætt ákvæða 13. gr. laga nr. 37/1993 með fullnægjandi hætti.

Með vísan til 8. gr. samkeppnislaga og 25. gr. laga nr. 37/1993, og með hliðsjón af því að ákvörðun nr. 1/1996 er íþyngjandi, hefur verið ákveðið að afturkalla nefnda ákvörðun og taka mál þetta til meðferðar á ný.

**II.
Ákvörðunarorð:**

**Samkeppnisráð staðfestir neðangreinda bráðabirgðaákvörðun
Samkeppnisstofnunar nr. 2/1996 frá 1. apríl 1996 með vísan til forsendna hennar.**

**"Með heimild í 8. gr. samkeppnislaga afturkallar Samkeppnisstofnun ákvörðun
Samkeppnisráðs nr. 1/1996."**